

## **FJÁRHAGSÁÆTLUN 2013-2016**

### **Seinni umræða**

Tillaga að fjárhagsáætlun 2013 – 2016 er hér lögð fram til seinni umræðu í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Tillagan er í tveimur hlutum: Greinargerð og tölulegur hluti sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinnna A og B hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins.

Tillagan var lögð fram 31. október 2012 til fyrri umræðu og var hún unnin í samræmi við nýjar fjármálareglur og fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga sem settar voru á grundvelli nýrra sveitarstjórnarlaga.

Á þeim tímapunkti voru enn nokkrir óvissuþættir sem nú hafa verið teknir inn í áætlunina. Ný þjóðhagsspá var birt 2. nóvember, áætlun frá Jöfnunarsjóði um framlög ársins 2013 en framlög vegna málaflokks fatlaðs fólks liggur enn ekki fyrir. Óvissa var um framlengingu atvinnuleysistrygginga en nú liggja fyrir drög að samkomulagi. Gjaldskrár sveitarfélagsins hafa verið yfirfarnar og tekjuviðmið hækkuð vegna viðbótarniðurgreiðslna hjá fræðsluþjónustu. Einnig hafa tekjuviðmið vegna niðurgreiðslu fasteignaskatta aldraðra og öryrkja verið hækkuð.

Eins og fram hefur komið í ársreikningum bæjarins á undanförunum árum ríkir óvissa um uppgjör lífeyrisskuldbindinga starfsmanna Sparisjóðar Hafnarfjarðar, síðar Byrs sparisjóðs, við Eftirlaunasjóð starfsmanna Hafnarfjarðar. Skuldbindingin nam um 1,6 milljarði króna í árslok 2011. Sveitarfélagið ber ábyrgð á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar ásamt öðrum aðildarfyrirtækjum sjóðsins, þar með talið Byr sparisjóði. Sveitarfélagið taldi að lífeyrisskuldbinding væri forgangskrafa í þrotabú líkt og launagreiðslur. Í nýgengnum hæstaréttardómi var kröfu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um að lífeyrisskuldbindingar væru forgangskröfur í þrotabú Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hafnað. Á grundvelli þessa dóms var ákveðið að færa skuldbindinguna til skuldar í fjárhagáætlun 2013 en mótfærslan er færð til lækkunar á eigið fé.

Innheimtumálið heldur áfram en slitastjórn Byrs sparisjóðs hefur samþykkt kröfu lífeyrissjóðsins sem almenna kröfu en ágreiningur er um ávöxtunarkröfu. Endanlegar endurheimtur til almennra kröfuhafa liggja ekki fyrir á þessari stundu.

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins er uppfærð í samræmi við áætlaðar verðlags- og launabreytingar í þjóðhagsspá. Jafnframt liggja nú fyrir framkvæmda- og viðhaldsáætlanir fyrir næsta ár.

Hér á eftir er farið yfir helstu breytingar á milli umræðna:

- Rekstrarniðurstaða A og B hluta fyrir árið 2013 er jákvæð um 272 millj.kr. og rekstrarniðurstaða A hluta 46 millj.kr. Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 46 milljarðar kr. í árslok 2013 og skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 39 milljarðar kr. og eigið fé um 7 milljarðar kr.
- Áætlað veltufé frá rekstri A hluta er um 1,4 milljarður kr. og samantekið fyrir A og B hluta 2,1 milljarðar kr. sem er rúmlega 12% af heildartekjum
- Á árinu 2013 er ráðgert að greiða niður lán og skuldbindingar um 1,9 milljarða kr.
- Skuldir sem hlutfall af tekjum lækki í takt við nýjar fjármálareglur
- Jafnvægi sé í rekstri á þriggja ára tímabili í takt við nýjar fjármálareglur
- Álagningarhlutföll fasteignaskatts og lóðarleigu íbúðarhúsnæðis lækki
- Áfram verður unnið að markvissri uppfærslu á matsstigi fasteigna í byggingu

## Gjaldskrár

Farið hefur verið yfir allar gjaldskrár og taka þær mið af verðlagsbreytingum. Uppbygging á gjaldskrá frístundaheimila tekur breytingum frá 1. ágúst 2013.

## Skatttekjur

Álagningarhlutföll fasteignagjalda lækka á árinu 2013.

- Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði lækkar úr 0,32% í 0,30% eða um 6,25%
- Lóðarleiga lækkar úr 0,42 % í 0,40 % eða um 4,76%
- Vatnsgjald lækkar úr 0,112 % í 0,105 % eða um 6,25%
- Holræsgjald hækkar úr 0,185% í 0,195% eða um 5,41%

Áætluð framlög Jöfnunarsjóðs hækka um 107 m.kr

- Framlag vegna grunnskóla hækkar um 71 m.kr
- Framlag vegna nýbúafræðslu lækkar um 2,5 m.kr
- Framlag vegna sérþarfa fatlaðs fólks lækkar um 9 m.k.r
- Framlag vegna málefna fatlaðs fólks hækkar um 48 m.kr.

## Fjölskylduþjónusta

Fjárheimildir til Fjölskylduþjónustu hækka um 143 m.kr.

- Launakostnaður vegna Vinnuskóla hækkar um 9 m.kr.
- Endurútreikningur launa um 8 m.kr.
- Kostnaður vegna atvinnuúrræða og aukinnar fjárhagsaðstoðar um 110 m.kr.
- Húsaleigubætur breyting um 18 m.kr.
- Aukin framlög til íþrótt- og æskulýðsfélaga um 34 m.kr.

## Fræðsluþjónusta

Fjárheimildir til Fræðsluþjónustu hækka um 67 m.kr. milli umræðna sem sundurliðast þannig

- Skiptistundum verður fjölgað frá og með næsta skólaári um 23 m.kr.
- Framlög til foreldra vegna barna hjá dagforeldrum hækka frá 1. janúar 2013 um 19 m.kr.
- Aukið framlag vegna talkennslu um 9 m.kr.
- Gert er ráð fyrir rekstrarkostnaði vegna stækkunar Áslandsskóla um 14 m.kr.
- Tekjuviðmið vegna viðbótarniðurgreiðslna leikskólagjalda hækka um 9% frá 1. janúar og um 5,1% 1. Ágúst samtals um 8 m.kr.
- Ýmsar leiðréttingar milli liða. 10 m.kr.

## Stjórnsýsla

Fjárheimild til Stjórnsýslu hækka um 17 m.kr.

- Leiðrétting á húsaleigusamningi um 2,3 m.kr.
- Endurnýjun búnaðar um 15 m.kr.

## Umhverfi og framkvæmdir

Fjárheimild til Umhverfis og framkvæmda lækka um 42 m.kr.

- Tekjur vegna sorphirðu og eyðingar hækka um 41 m.kr.
- Endurskoðun launaáætlunar Vatnsveitu um 6,6 m.kr.
- Aukið viðhald vegna Vatnsveitu um 5 m.kr.

## Framkvæmda- og viðhaldsáætlun

Fjárheimild til framkvæmda eru 260 m.kr. og hækka um 70 m.kr. á milli ára eða um 37%. Framkvæmdaáætlun er útfærð niður á einstök verkefni og má þar helst nefna:

- Gangstéttir við Ásland 3, Velli 5 og 6 og Norðurbakka
- Strandgata, húsgata við Dröfn
- Göngu- og hjólastígar
- Leikskólinn Álfaberg stækkun
- Hönnun leikskóla við Bjarkavelli
- Hönnun Ásvallabrautar
- Kaplakriki, frjálsíþróttahús

Fjárheimild til viðhalds fasteigna og gatna eru um 376 m.kr. og hækka um 236 m.kr. milli ára eða um 169%. Viðhaldsáætlun er útfærð niður á einstök verkefni og má þar helst nefna:

- Grunnskólar og tónlistarskóli um 69 m.kr.
- Leikskólar um 41 m.kr.

- Íþróttta- og sundstaðir um 59 m.kr.
- Aðrar byggingar um 35 m.kr.
- Íbúðir um 52 m.kr.

Að lokum eru hér rifjuð upp lokaorð greinargerðarinnar sem lögð var fram 31. október sl. En þar segir; „Frá efnahagshruni haustið 2008 hefur verið unnið að endurskipulagningu á fjármálum Hafnarfjarðarbæjar. Sú endurskipulagning hefur snúist um viðbrögð við beinum afleiðingum hrunsins og að tryggja grunn að traustum fjárhag til framtíðar. Þessi áætlun sýnir með skýrum hætti hve miklum árangri aðgerðir fyrri ára hafa skilað. Við erum á réttri leið. Í fjárhagsáætluninni eru skýr skilaboð um traustan rekstur og ábyrga fjármálastjórn sem skilar okkur hagkvæmari rekstri, frábærri þjónustu, ánægðum íbúum og jákvæðri ímynd.“

Hafnarfirði, 5. desember 2012



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Bæjarstjóri